



Í góðu tómi: Um rætur orðsins skóli

Jón Ásgeir Kalmannsson

► Abstract ► Um höfund ► About the author ► Heimildir

Í greininni er fjallað um rætur orðsins skóli í forn-gríska orðinu skole. Rætt er um hugmyndir forn-grísku heimspekinganna Platons og Aristótelesar um *skole* en einnig eru skoðaðar hugmyndir heimspekinga nær okkur í tíma þar að lútandi. *Skole* er jafnan þýtt sem tóm, tómstund, næði, eða eitthvað álíka. Grafist er fyrir um hvaða merkingu orðið hefur til dæmis í tveimur samræðum Platons, *Peaetusi* og *Faidóni*, og reynt að varpa ljósi á hvers vegna það er mikilvægt í forn-grískri heimspeki. Þar er einkum fjallað um tengsl *skole* við sannleiksleitina, líf yfirvegunar eða rannsóknar, og við frelsið. Þá er vikið að andstæðu skole, *askolía* eða „ekkert tóm“ eins og orðið hefur verið þýtt á íslensku, en mætti líka stundum þýða sem vinna, annríki eða eitthvað álíka. Hér er umræðan víkkuð út og hugmyndir Platons um tengsl *askolía* við líkamleika okkar meðal annars settar í samhengi við umræðu franska heimspekingans Blaises Pascal um tilhneingingu mannfólksins til að lífa lífi truflunar í þeim tilgangi að flýja grundvallarhlutskipti sitt, við hugmyndir um löstinn eða syndina *acedia*, að ógleymdri umfjöllun ýmissa nútímahöfunda um alltumlykjandi truflunaráhrif nútímatækni og tæknimeningar. Loks eru tekin til skoðunar tengsl tóms eða næðis við það sem Platon og Aristóteles töldu hátind mannlegrar farsældar og virkni, en það er hugleiðing. Hugmyndir Josefs Pieper og Davids McPhersons eru notaðar til að varpa ljósi á þessi tengsl, en þeir benda á að hugleiðing feli í sér að gefa því gaum sem mestu varðar, veita því athygli sem hefur gildi í sjálfu sér. Greininni lýkur á stuttri umfjöllun um mögulegan lærdóm um nútímaskóla sem draga megum af þessari athugun. Er þar annars vegar vikið að tengslum næðis og gagnrýnnar hugsunar. Hins vegar er sú spurning rædd hvort skólar nútímans geti yfirhöfuð verið sá gríðastaður næðis, frelsis og athygli á því sem er dýrmætt í sjálfu sér og *skole* felur í sér.

Efnisorð: skole, tómstund, frelsi, truflun, hugleiðing, skóli

Inngangur: Hvað þýðir orðið skóli?

Flestir vita af eigin reynslu hvað það þýðir að vera í skóla. Færri kunna líklega skil á *orðinu* skóli, sögu þess og uppruna. Ýmsir vita án efa að orðið er upphaflega komið úr forn-grísku. Á hinn bóginn er ekki víst að margir átti sig á að forn-gríska orðið sem við rekjum orðið skóli til merkti upphaflega ekki stað eða stofnun þar sem fyrirlestrar eru haldnir og nám fer fram, eða eitthvað álíka. Það merkti fremur eitthvað sem í nútímapýðingum, til dæmis á verkum Platons og Aristótelesar, hefur verið þýtt sem „næði“, „friður“, „tóm“ eða „tómstund“. Dæmi um þetta er að finna í *Síðfræði Nikomakkosar* eftir Aristóteles (Aristóteles, 1995), en þar rekumst við á þessa setningu: „Og farsæld virðist velta á tóminu sem okkur gefst, því við störfum svo við megum njóta *tómstunda*“ (1177b, leturbreyting er mín). Hér er forn-gríska orðið *σχολή* eða *skole* þýtt sem tóm. Í þessari grein verður leitað svara við því hvað þetta forna tal um tóm og tómstundir merkir, og hvers vegna fornir hugsuðir, en einnig hugsuðir á hinum ýmsu tímaskeiðum, hafa lagt svo ríka áherslu á mikilvægi þess fyrir mannlega farsæld og

merkingarríkt líf. Skoðað verður hvernig tómsundin tengist lífi yfirvegna en einnig hvernig margs konar truflun og órói getur þvælst fyrir þeim sem vilja tileinka sér slíkt líf. Þá verður rætt hvernig tómsundin tengist hugleiðingu eða athygli á því sem er dýrmætt í sjálfu sér. Loks verða færð fyrir því rök að skole-hugtakið í þeirri merkingu sem dregin er fram í greininni eigi brýnt erindi í umræðum um markmið menntunar og hlutverk skóla nú á dögum.

Skole

Áður en lengra er haldið skulum við kynna til sögunnar tvær ímyndaðar persónur, þá Jómund og Þórólf. Þeir feta ólíkar leiðir í lífinu. Jómundur er ungur maður á uppleið. Hann er metnaðargjarn lögmaður með mörg járn í eldinum. Hann gengst upp í að vera kæn og harður í horn að taka við að verja hagsmuni umbjóðenda sinna, og vilar ekki fyrir sér að „leika á kerfið“ ef hann telur að það sé honum sjálfum og skjólstæðingum sínum til framdráttar. Hann hefur verið í nokkrum skammvinnnum samböndum en aldrei viljað skuldbinda sig í sambúð til lengri tíma enda hefur framinn forgang í lífi hans. Hann er iðinn við að koma sér á framfæri í fjölmiðlum og á samfélagsmiðlum, enda skipir hann miklu máli að aðrir taki eftir honum og að hann vekir velþóknun þeirra og aðdáun. Ótti hans við að njóta ekki viðurkenningar annarra veldur því að hann hefur tilhneigingu til að leggja ríkari áherslu á hvernig hann kemur öðrum fyrir sjónir en hvaða mann hann hefur að geyma. Þótt hann njóti vissrar velgengi er hann aldrei öruggur eða ánægður með stöðu sína og vill alltaf eitthvað meira. Hann hefur litla sem enga eirð í sér til að yfirvega líf sitt eða hvað raunverulega skiptir máli.

Líf Þórólfs er öðru marki brennt. Hann er ungur tveggja barna faðir í hjónabandi og í hálfu starfi sem arkitekt á arkitektastofu. Þótt aðstæður hans séu um margt krefjandi, sérstaklega hvað varðar föðurhlutverk ásamt vinnu, þá reynir hann jafnframt að rækta andann, eins og hann kallar það. Hann er meðvitaður um að æska barnanna mun líða fljótt og vill njóta stundanna með þeim og með fjölskyldunni eins og framast er unnt. Þótt starfið sé honum mikilvægt þá fer því fjarri að hann setji starfsframann í fyrsta sæti. Hann reynir að vera heiðarlegur og sanngjarn í samskiptum við aðra. Hann hefur yndi af bóklestri og smíðum, náttúruskoðun og útivist, og stundar ljósmyndun þegar færi gefst. Hann hefur einnig ánægju af félagsstörfum, hefur verið í kór og í sóknarnefnd í kirkjunni sinni. Hann kann að meta góðar samræður, einkum þegar þær kafa undir yfirborðið eða snúast um veigameiri hluti. Hann reynir meðvitað að rækta með sér eiginleika á borð við æðruleysi og þakklæti, til að geta tekist á við áföll lífsins og kunnað betur að meta gjafir þess.

Eflaust kannast margir við eitthvað í sjálfum sér í fari þeirra beggja, Jómundar og Þórólfs. Á hinn bóginn má nota lýsingarnar á þeim til að byrja að glöggva sig á merkingu orðsins skole, í hugsun heimspekinganna Sókratesar, Platons og Aristótelesar. Líf Þórólfs einkennist að minnsta kosti að nokkru leyti af því sem þessir heimspekingar höfðu í huga þegar þeir notuðu hugtakið *skole* á meðan líf Jómundar mótast í býsna ríkum mæli af andstæðu skole, það er af því sem á grískunni nefnist askolía, og er til dæmis í þýðingu Sigurðar Nordal á *Faidóni* eftir Platon íslenskað sem „ekkert tóm“ (Platon, 1983, 66 C).¹ Hér ber að hafa í huga að í grískunni stendur *skole* fyrir ástand sem er mannfólkinu bæði eðlilegt og eftirsóknarvert, í svipuðum skilningi og heilbrigði er okkur eitthvað eðlilegt og eftirsóknarvert. Að njóta *skole* er að þrífast vel sem skynjandi, hugsandi vera. *Askolía* stendur á hinn bóginn fyrir andstæðuna, það er fyrir skort á því sem er mannfólkinu bæði eiginlegt og mikilvægt (Kalimtzis, 2017, bls. 6). Ef líf Þórólfs einkennist í ríkari mæli af *skole* en líf Jómundar af *askolía* þá þýðir það um leið að líf Þórólfs er í mikilvægum skilningi betra og eftirsóknarverðara, samkvæmt forn-grísku heimspekingunum, en líf Jómundar.

Eins og áður segir er *skole* gjarnan íslenskað með orðum á borð við tóm, tómsund eða næði. Þetta gefur til kynna að *skole* snúist um að hafa tíma til að gera eitthvað og um leið *næði* eða *fríð* frá einhverju öðru. Við getum séð þennan skilning orðsins endurspeglast í lýsingunum á Jómundi

¹ Ég þakka ritrýni fyrir að benda á að þýðingin „ekkert tóm“ geti virst breiða yfir þá staðreynd að askolía gat á tímum Forn-Grikkja þýtt vinnu. Ein spurning sem vaknar er þá sú hvort umræða forn-grísku heimspekinga um askolía sé til vitnis um yfirstéttarlagsiðu þeirra og forréttindablindu; þeir hafi litið niður á vinnu og þau sem þurfa að vinna fyrir sér, ekki síst konur, þræla og fátækt fólk. Að dómi Kostas Kalimtzis er málið þó flóknara. Askolía gat merkt vinnu en þýddi oftast það að vera upptekinn, ekki síst af viðskiptum og erindrekstri af ýmsu tagi, og þar undir gat jafnvel fallið að vera upptekinn af erindrekstri af heimspekilegum toga. Forn-Grikkir hafi almennt haft mætur á vinnu og verið á þeirri skoðun gríska skáldsins Hesíods (8. öld f. Kr.) að guðir og menn reiðist þeim sem ekki vinna (Kalimtzis, 2017, bls. 6–7). Samkvæmt því beinist gagnrýni heimspekinganna ekki að vinnunni sem slíkri eða þeim sem þurfa að inna hana af hendi.

og Þórólfi. Jómundur lifir annríku og uppteknu lífi, hann er á sífelldum þönnum bæði í vinnu og einkalífi, eins og hann sé í sífelldu kapphlaupi við tímann um að fullnægja markmiðum sínum og metnaði, og forðast að aðrir gleymi honum. Lífsmáti hans gefur lítið sem ekkert rúm til að staldra við, velta hlutunum fyrir sér, eða meta þá að verðleikum. Að mörgu leyti virðist það líf sem Jómundur hefur tamið sér beinlínis byggjast á því að hann nemi helst aldrei staðar til að spyrja sig hvort það sé raunverulega eftirsóknarvert. Líf Þórólfs einkennist á hinn bóginn ekki af sama hraða og sömu harðahlaupunum og líf Jómundar. Þótt ytri aðstæður hans séu um margt krefjandi hagar hann lífi sínu og starfi með þeim hætti að hann getur að minnsta kosti í og með nálgast og notið hlutanna í næði. Hann gætir þess bæði að hafa tíma til að sinna því sem honum finnst mikilvægast í lífinu og, það sem gerir ekki síður gæfumuninn, hafa tíma til að velta því fyrir sér *hvað* sé mikilvægt og *hvernig* sé best að lifa lífinu í samræmi við það mikilvægi. Það má því með sannni segja að líf Þórólfs einkennist af meira tómi, tíma og næði en líf Jómundar.

Til að fá gleggri mynd af þeim gjörólíka lífsmáta sem *skole* og *askolia* vísa til er rétt að upplýsa að lýsingin á þeim Jómundi og Þórólfi byggist að nokkru leyti á 2400 ára gamalli lýsingu í samræðu eftir Platon er nefnist *Peaetetus*, en þar ber skole-hugtakið meðal annars á góma (Platon, 1989). Sókrates lýsir þar tveimur manngerðum. Annars vegar eru þeir sem gefa „sér tómi til að leita sér fróðleiks“, eins og segir í íslenskri þýðingu Arnórs Hannibalssonar, leggja með öðrum orðum stund á heimspeki sem er leit að sannleika og visku. Hins vegar eru þeir sem „frá unga aldri ganga um dómsali sem gráir kettir“ (172 C-D). Þeir fyrrnefndu, heimspekingarnir, hafa alltaf „næði til að ræða málin“ og þeir hirða lítt um það hve lengi þarf að ræða til að „sannleikurinn komi í auglýsingu“ (172 D). Sókrates segir að sá sem á hinn bóginn leggur fyrir sig að flytja mál fyrir dómstólum „talar í kappi við tímann“ og „gefur sér ekki tómi til að fara út í hörgul“ (172 E). Hann er með öðrum orðum sífelldur að flýta sér og má ekki vera að því að skoða neitt málefni ofan í kjölinn. Hann lifir og hrærist í mikilli samkeppni, því andmælandi hans fyrir dóminum þjarmar stöðugt að honum ef hann leyfir sér að fara út fyrir „efnisatriði dagskrárinnar“ (172 D). Hann hefur sífelldur áhyggjur af hvernig honum gangi því ef honum mistekst gæti það haft alvarlegar afleiðingar fyrir hann, líf hans gæti jafnvel verið í húfi. Þess vegna, segir Sókrates, temur málafærslumaðurinn sér kærsku og klókinni og verður leikinn í að smjæðra fyrir og koma sér í mjúkinn hjá hinum valdameiri. Í raun, segir Sókrates, er hann „þræll að munnhöggvast við annan þræl frammi fyrir höfðingja“ (172 E). Þessi sífelldi flýttir og andstutti ótti um stöðu sína gerir að verkum að hann verður:

... þröngsýnn og lítillsigldur. Þrælsuppeldið hefur kyrkt þroska hans og hann veit ekki hvað það er að vera opinskár og sjálfstæður. Ungur maður missir viðkvæmni og næmi, þegar honum er ógnað og hann gefur það upp á bátinn að vera sannur og sómakær. Hann fer að skýla sér á bak við lygar og gjalda rangt við röngu. Boginn og beyglaður kemst hann til fullorðinsára og telur sig vera skarplegheitamann (173 A).

Þessar tilvitnanir í *Peaetetus* gefa okkur athyglisverða innsýn í eðli og mikilvægi skole. Þau sem hafa alist upp og tamið sér *skole* hafa nægt ráðrúm og liggur ekkert á; þau ráða tíma sínum og skoða hlutina með hægð og án flýttis í kyrrð og ró. Þau eru ekki rekin áfram af svipu eða skeiðklukku, hvað svo sem gengur á umhverfis þau.² En þótt *skole* sé réttilega þýtt sem tómi, tómi stund eða næði merkir það ekki bara að hafa nægan tíma eða gera hlutina í ró og næði. Það er þrátt fyrir allt hægt að hafa nægan tíma en sóa honum í algjöru iðjuleysi eða í að vera upptekinn af fánýtum hugsunum eða löngunum. Það er líka hægt að vinna ýmis óþurftarverk í ró og næði. Þótt *skole* sé ekki mögulegt án nægs tíma þá felur það líka í sér eitthvað meira en tíma. Það er í senn skjól eða næði *frá* einhverju og skjól eða næði *til* einhvers annars. Eins og ráða má af orðum Sókratesar þá er það næði *frá* sífelldu ytra og innra áreiti, þrýstingi, ógnum eða áhyggjum, til dæmis frá hótunum og árásum annarra, og ótta um stöðu sína eða líf. *Skole* felur því í sér aukna hugarró, æðruleysi gagnvart ytri atburðum og aukið sjálfstæði frá árátta- og óreiðukenndum hugsunum og tilfinningum sem svo gjarnan yfirtaka huga okkar. *Skole* er á hinn bóginn næði, en einnig löngun og geta, *til* vissrar *virgni*. Í síðari hluta þessarar greinar munum við sjá hvernig sú virkni nær að dómi ýmissa heimspekinga hámarki í því sem nefnt er *hugleiðing*. Við sjáum á hinn bóginn að í tilvitnunum hér að framan er

2 Í Ríkinu lýsir Platon því hvernig heimspekingur bregst við í samfélagi yfirþyrmandi lögleysu og villimennsku. Hann „dregur ... sig í hlé og sinnir sínu, líkt og maður sem lendir í óveðri og finnur skjól undir litlum vegg meðan rykið þyrlast upp og regnið bylur. Hann horfir á hina fyllast lögleysu, og hrósar henni ef honum tekst sjálfum með einhverju móti að lifa lífinu hreint af ranglæti og virðingarleysi við guðina og skiljast svo við það með sæmd og reisu og fagurri von“ (Platon, 1991, 496 D-E). Að sinna sínu og leitast við að lifa lífinu af mennsku og reisu þótt umhverfið einkennist af óreiðu er eitt megineinkenni skole.

áherslan fremur á að *yfirvega* eða *rannsaka*, í rökræðum við aðra, líf sitt og þann veruleika sem liggur því til grundvallar. Mikilvægi skole, í máli Sókratesar, skýrist að miklu leyti af þessum skilningi á mikilvægi yfirvegunar eða rannsókna í farsælu lífi. Fræg eru þau orð hans í *Málsvörn Sókratesar*, að „þetta sé manni best af öllu, að iðka daglegar samræður um dyggðina og reyna bæði sjálfan sig og aðra, og *órannsakað líf sé einskis virði*“ (Platon, 1983, 38 A, leturbreyting mín). Mörgum hefur þótt Sókrates taka helst til djúpt í árinna hér, fráleitt sé að halda því fram að líf allra sem ekki iðka daglegar heimspekisamræður um dyggðina sé einskis virði. Í menningar- og hugarheimi sem mótast hefur af gyðinglegum og kristnum hugmyndum um helgi og mikilvægi hverrar manneskju og grundvallarmannréttindi allra þá tekur Sókrates sannarlega sterkt til orða hvað þetta varðar. Á hinn bóginn er vel hægt að sjá sannleikskjarnann í orðum hans. Mannekja án alls tóms, sem sífelld er rekin áfram af blöndu af metnaði, löngunum, ótta og áhyggjum, og getur því aldrei staldrað við til að skoða hvað er raunverulegt og hvað skiptir máli, lifir ekki vel eða farsællega. Hún þroskar ekki það besta í sjálfri sér, hún missir „viðkvæmni sína og næmi“ og verður „bogin og beygluð“. Hún lifir lífi sem engin skynsöm hugsandi mannekja myndi kjósa að lifa.

Við sjáum líka birtast í *Peætetusi* ríka áherslu Platons á tengsl næðis og frelsis – og um leið á sambandið milli skorts á næði og *ófrelsis* eða *þrældóms*. Tengslin gætu í sjálfu sér vart verið skýrari. Sókrates leggur frelsi nánast að jöfnu við næði. Hann segir til dæmis að heimspekingar séu aldir upp við sannkallað frelsi og næði, eins og þetta séu tvær hliðar á sama peningi (175 E). Á hinn bóginn er sá sem alinn er upp við ónæði og hefur tamið sér sífelldan flýti líkastur þræli – en frjáls eða þræll í hvaða skilningi? Með frelsi og þrældómi í þessu samhengi virðist Sókrates ekki síst hafa í huga það sem má kalla grundvallarlífsafstöðu, það er hvernig afstöðu maður hefur gagnvart veruleika og gildum lífsins. Skoðum í þessu sambandi aftur muninn á lífern Jómundar og Þórólfs. Ein leið til að lýsa gildismati Jómundar er að segja að hann hafi gert gildi á borð við starfsframa, metnað, vinsældir, árangur, áhrif og efnisleg gæði að *ráðandi* gildum í lífi sínu. Hann hefur gert sókn eftir þeim að forgangsatríði, skipað þeim í efsta sæti, ef svo má að orði komast. Þótt slík gæði séu eftirsóknarverð að einhverju marki – við þurfum til dæmis eitthvert lágmark efnislegra gæða til að lifa vel – þá eiga þau að dómi Sókratesar ekki heima í fyrsta sæti í lífi skynsamrar hugsandi manneskju. Þegar þeim er skipað í öndvegi er til dæmis hætt við að persónuna skorti sanngirni, sómatilfinningu og siðferðiskennnd. Hún lætur réttlætið víkja fyrir árangri, sannleikann víkja fyrir blekkingum, og svo framvegis. Með því að skipa gildum á borð við starfsframa, árangri og efnislegum gæðum æðst má líkja Jómundi við áfengissjúkling sem lætur líf sitt snúast um það eitt verða sér úti um næsta sjúss. Hann gerir sig að hugsunarlausum og undirgefnum þræli gæða sem verðskulda ekki að vera það sem skiptir mestu máli í lífinu. Þrældómurinn hérna er ekki síst fólgin í að vera fastur í of þröngri sýn á veruleikann og hvað hefur gildi, samanber orð Sókratesar um þröngsýni í tilvitnuninni hér að ofan. Jómundi má að sumu leyti lýsa eins og sálgreinendur lýsa stundum skjólstæðingum sínum; þeir eru fastir í „þröngri sögu“ um sjálfa sig og líf sitt sem birtist í setningum eins og „ég er glötuð“ eða „það misheppnast allt sem ég geri“ eða „það er þetta að kenna að ég er svona ósjálfstæður“ o.s.frv. Hér er hlutverk sálgreinandans meðal annars sagt vera að leiða skjólstæðinginn gegnum rannsókn á sögunni með það að markmiði að veita honum/henni fjarlægð á hana, og opna í sameiningu leið inn í nýja, raunhæfari og betri sögu um sig og aðstæður sínar. Vandí Jómundar er á hinn bóginn sá að honum finnst hann ekki hafa neina þörf fyrir aðra sögu. Honum finnst hann lifa því lífi sem hann sjálfur kýs, og hann gengst þar að auki upp í eigin útsjónarsemi og kænsku; hún veitir honum ánægju og svarsal metnaði hans þegar kemur að veraldlegri velgengni. Hann er því ómeðvitaður um að hann er, eins og breski heimspekingurinn og fornfræðingurinn Myles Burnyeat segir um málafærslumanninn í *Peætetusi*, í raun þræll þess kerfis sem hann heldur að hann sé að leika á sér til framdráttar (Burnyeat, 1990, s. 34). Hér eiga orð Sókratesar í *Faidóni* vel við um það fangelsi sem í því er fólgið að lifa í „engu tómi“: „Og heimspekin sér og skilur, að fangavistin er svo hugvitsamleg, að það eru óskir fangans sjálfs, sem einkum herða að honum fjötrana“ (82 D).

Þórólfur hefur aðra lífsafstöðu. Hann er opin og leitandi þegar kemur að gildum og merkingu lífsins. Hann efast ekki um að lífið snúist um eitthvað annað og meira en vinnu og veraldlega velgengni, til dæmis að hafa það sem sannara reynist og gæta réttlætis. Lífssýn hans er líka sú að hans eigið val skapi ekki gildin í lífinu heldur hafi þau sjálfstæða tilvist og maður þurfi að þroska næmi sitt

fyrir þeim. Þórólfur er þess vegna ekki fastur í sögu sinni með sama hætti og Jómundur. Við getum sagt að hann sé *nemari og frjálsari andi*. Hann er reiðubúnari að þroskast, hefur ákafari löngun til að dýpka skilning sinn á tilverunni eftir því sem hann kynnist veruleikanum – fólki, aðstæðum og hugmyndum – betur.

Það er gagnlegt að hafa í huga í þessu sambandi að orðið frelsi á sér merkilegan uppruna og vensl ef marka má orðsifjafraeðinga. Það er skylt orðum á borð við sögnina að „að frjá“, sem þýðir að elska, unna, hafa dálæti á eða þykja vænt um (Ásgeir Blöndal Magnússon, 1989). Þessi tengsl koma til dæmis fram í íslenska orðinu *frændi* og enska og þýska orðinu yfir vin, *friend* og *freund*. Það tengist líka orðum eins og *fræ* og *frjó* og um leið nöfnunum á norrænu frjósemisgoðunum *Freyju*, *Frey* og *Frigg* (Onians, 2000, bls. 475–476). Í orðum Sókratesar í *Peatetusi* varðandi *skole* má greinilega sjá þennan frjósemis- og þroskaskilning á frelsinu. Sá sem hlýtur „þrælauppeldi“, það er sá sem venst á að vera þræll peninga og veraldlegrar velgengni, verður, eins og við höfum séð, *boginn* og *beygladur* á sálinni, og *þroski hans er kyrktur*. Sá sem á hinn bóginn fær tóm og næði til að rannsaka líf sitt í samræðum við aðra menn er frjáls maður, *upprétt* og *þroskuð* sál. Hugmyndin hér er ekki síst sú að til þess að geta orðið þroskaðar og uppréttar hugsandi verur þá þarf okkur að veitast tóm til að rækta ást okkar og sýn á það sem skiptir mestu máli, sem í samræðum Platons er nefnt ýmsum nöfnum, til dæmis „sannleikur“, „fegurð“, „dyggð“, „réttlæti“, „víska“ og umfram allt „hið góða“. Við þurfum ekki að skilja til fulls djúpar pælingar Platons um hið góða til að geta séð að það er eitthvað aðlaðandi og sannfærandi við þá hugmynd að frelsið – ekki síst frelsið „til að hugsa og finna til“ og John Stuart Mill gerir að umfjöllunarefni í *Frelsinu* (Mill, 2009) – sé nátengt því að geta ræktað, í góðu tómi, dálæti á lífgefandi og þroskandi veruleika og gildum.

Friðlaust fólk, truflaðir tímar

Nú er rétt að staldra við og skoða eilítið nánar andstæðuna við *skole* sem, eins og við höfum séð, má þýða sem „ekkert tóm“ en líka má tengja við orð eins og *ástríður*, *eirðarleysi*, *ótti*, *ókyrrð* og jafnvel *hávaði*. Líklega eru ekki miklar ýkjur að segja að tóm eða næði sé ekki ofarlega á listanum yfir þau gildi sem höfð eru í mestum hávegum í menningu okkar nú á dögum. Umræða okkar um *skole* virkar því vafalaust á marga sem tilgangslaus og hjáróma – þetta er ekki það sem er „inn“ nú um stundir. Á hinn bóginn má um leið segja að þar sem tóm er í raun í litlum metum séum við í óvenju mikilli þörf fyrir það einmitt nú á dögum. Það verður þó jafnframt að segjast að þær áhyggjur hafa fylgt mannkyninu um langa hríð að skortur á innri eirð eða ró risti djúpt í mann- og félagsæðli okkar. Lítum sem snöggvást á fáeinar hugmyndir um áskapað og/eða áunnið friðleysi mannfólksins, það er um getuleysi þess til að dvelja í næði og njóta skole.

Ein þekktasta ádrepa heimspekings um meðfætt eirðarleysi mannskepnunnar er á ný fengin úr ritum Platons, í þetta skipti úr Faídóni. Þar gerir Sókrates það meðal annars að umræðuefni hve mjög líkaminn tefur okkur og truflar og kemur í veg fyrir að við höfum tóm til að sinna því sem mestu skiptir:

Því líkaminn er okkur til ótalfalds trafala vegna þess viðurværis, sem hann krefst; og sjúkdómar, sem herja á hann, tálma leit okkar að hinum sanna veruleika. Hann fyllir okkur ástríðum og ótta og hvers konar ímyndunum og svo margvíslegri heimsku, að það er sem menn segja, að hann veitir okkur *ekkert tóm* til að hugsa. Og líkaminn og girndir hans eiga sök á styrjöldum, flokkaróstum og bardögum. Því menn heyja stríð í auðgunarskyni, og auðsins þörfnumst við vegna líkamans, sem þrælkar okkur í sína þágu. Sakir alls þessa höfum við ekkert tóm til heimspekinnar. Verst er þó hitt, að ef við fáum einhvern frið fyrir líkamanum og leitumst við að hugsa, þá tranar hann sér hvarvetna fram í rannsóknina og tefur okkur, truflar og tryllir, svo við sjáum ekki sannleikann fyrir honum (66 B-D) (leturbreyting mín).

Við sjáum hér endurtekið stef frá orðum Sókratesar um mikilvægi tómsins í *Peatetusi*; skortur á tómi þvælist fyrir okkur í leitinni að hinu sanna og kemur í veg fyrir að við sjáum það. Greining Sókratesar

á uppsprettu vandans er hér orðuð með afdráttarlausari hætti; hún er fólgin í líkamanum, ástríðum hans og girndum. Þar sem við erum öll líkamlegar verur þá má skilja þessi orð sem svo að skortur á tómi sé grundvallarþáttur í mannlegri tilveru; við erum öll, í krafti eigin mennsku, meira eða minna „trufluð og tryllt“. Líkamleiki okkar hefur í för með sér krónískt truflunarástand sem sviptir okkur skole, svo okkur gefst „ekkert tóm til að hugsa“. Einhver gæti umsvifalaust bent á að þetta sé ekki sérlega sannfærandi hjá Sókratesi. Er ekki tóm til að hugsa það síðasta sem okkur skortir? Er ekki hugurinn sífellt að framleiða hugsanir, líkt og api sem ólmast í búri? Væri þá ekki nær að segja að það sé hugurinn, ekki líkaminn, sem er sífellt að valda okkur truflunum? Það er óneitanlega nokkuð til í því. Sókratesi til varnar má þó segja að „líkaminn“ í þeirri merkingu sem hann notar það orð í tilvitnuninni er ekki andstæðan við vissa tegund af hugsunum. Öðru nær. Það sem Sókrates á við er að í okkur spretta á sífellu upp hugsanir sem eru nátengdar líkamleika okkar, „egói“, og félagslegu eðli. Þetta eru til dæmis hugsanir sem tengjast ótta um okkur sjálf, líf okkar, framtíð og stöðu í samfélaginu, og ástríðum eins og fégirnd, samanburði, metnaði, metingi og öfund í garð annarra. Slíkar hugsanir og tilfinningar trana sér sí og æ fram og hindra okkur í að beina huganum að því sem er og skiptir mestu máli. Sókrates gæti því vel fallist á að það séu *hugsanir* okkar sem koma í veg fyrir að við *hugsum*. Þær koma í veg fyrir að við veitum hlutunum fulla athygli, komumst í snertingu við veruleikann.

Ekki ósvipaðar hugmyndir um sjálfsprotna óeirð mannfólksins er að finna í 40. kafla *Síraksbókar* sem er ein af apókrýfum bókum Gamla testamentisins. Þar segir:

Alla hrjáir reiði, öfund, áhyggja og órói,

ótti við dauðann, biturð og deilur.

Svo þegar lagst er til hvíldar að kvöldi

ruglar svefninn huga þess sem sefur.

Vart merkjandi andrá nýtur hann hvíldar,

svo fylgja áhyggjur dagsins inn í svefninn.

Ámóta ógnir hrella huga hans

og þess er með naumindum slapp af vígvelli.

Síðan vaknar hann þegar best gegnir

og undrast að ekkert er að óttast.

Þótt margt sé ólíkt með Platóni og höfundum hebreska spekiritsins þá eru þeir merkilega samhljóma þegar kemur að lýsingu á því hvernig ástríðurnar, og hugsanir þeim tengdar, trufla og trylla manneskjurnar svo þær geta vart notið hvíldar, hvað þá leitað sannleikans.

Annar hugsuður sem beindi athygli sinni að þessu mannlega hlutskipti er franskur 17. aldar vísindamaðurinn og heimspekingurinn Blaise Pascal. Þekkt er sú athugasemd úr riti hans *Pensées* að öll óhamingja mannfólksins stafi af því að það getur ekki dvalið í kyrrð í herberginu sínu (Pascal, 1966, bls. 67). Umorða mætti þá hugsun út frá umfjöllunarefni þessarar greinar með því að segja að öll mannleg óhamingja spretti af því að við erum ófær um að njóta skole; dvelja heima, með sjálfum okkur og vinum okkar, í góðu tómi. Pascal hefur á hinn bóginn athyglisverða skýringu á því af hverju við dveljum ekki í ró og næði heima hjá okkur. Hann telur ástæðuna vera þá að við *viljum* ekki gera það. Ef við gæfum okkur næði til að hugsa um eigið ástand þyrftum við að horfast í augu við raunveruleika lífs okkar, til dæmis við ýmsar mögulegar ógnir sem að okkur stöðja, eigin særanleika og dauðleika, svo ekki sé minnst á innri fátækt okkar og vesæld, til að mynda eins og hún birtist í tilvitnuninni í *Síraksbók* hér að ofan. Þess vegna finnst fólki allt betra en að dvelja í kyrrð með sjálfu sér. Það beitir alls kyns brögðum til að gleyma sér með margs konar uppátækjum, vinnu, skemmtunum, dægrastyttingu, og „tómstundum“. Það hve mikilli útbreiðslu áráttukennt

samfélagsmiðla-„skroll“ eða háamáhorf á Netflix-þáttaraðir hefur náð hefði því ekki komið Pascal á óvart. Ef ekki býðst annað betra leggjast sumir í nágrannaerjur ef ekki stríð, því fátt dregur athyglina á árangursríkari hátt frá eigin vesæld og það að hatast út í náungann eða berjast fyrir konunginn og föðurlandið. Þetta vita líka stjórnvöld og valdaaðilar sem stendur stuggur af sjálfstæðu hugsandi fólki; þau gæta þess að borgurunum gefist sem minnst tóm til að hugsa með því að halda þeim öruggum, uppteknum og reiðum.

Bandaríski heimspekingurinn Peter Kreeft segir í umfjöllun sinni um hugsun Pascals að hún geymi eitt besta svarið sem gefið hafi verið við spurningunni „Hvers vegna hefur enginn neinn tíma nú á dögum? Hvað varð um allan tímann?“ (Kreeft, 1993, bls. 88). Það er, hvers vegna hefur vél- og tæknivæðing nútímans ekki leitt til þess að við lifum mun næðisríkara lífi en á árum okkar gerðu sem gátu ekki reitt sig á neitt af þessari afkastamiklu tækni? Svarið sem Kreeft finnur í Pascal er að jafnvel þegar við segjumst vilja frið, þögn, frelsi og næði þá óttumst við undir niðri að slíkt ástand sé óbærilegt, því þá yrðum við að horfast í augu við aamt ástand okkar. Þess vegna „hlaupum við um eins og samviskusöm lítil skordýr, hræddar kanínur, sinnandi í sífellu tækjunum okkar, þrælunum okkar, og gerum þau að húsbændum okkar“ (Kreeft, 1993, bls. 89).³ Það er ekki laust við að slík hlaup einkennist af örvæntingu, enda hefði Pascal tekið heilshugar undir orð Henrys Davids Thoreau: „Flestir lifa lífinu í þögullu örvæntingu“ (Thoreau, 2017, bls. 18). Þegar þessi örvænting er skoðuð eilíftíð nánar kemur á hinn bóginn á daginn, nokkuð óvænt, að hún sprettur ekki aðallega af flótta fólks frá eigin vesældómi heldur í raun hinu gagnstæða. Samkvæmt ýmsum greinendum örvæntingarinnar er upphaf hennar og kjarni viss löstur eða synd, *acedia*, sem oft er þýtt sem leti á íslensku (Nault, 2015; Pieper, 1992). Leti nær þó illa að koma til skila inntaki þessa lastar – *acedia* getur til dæmis farið saman með vinnufíkn. Að dómi Josefs Pieper er *acedia* fremur það ástand að hafa hvorki hugrekki né vilja til að vera sú mikla og göfuga vera sem maður er, vegna ótta við að rísa ekki undir þeim kröfum sem það skapar. Það er „gleðisnaud, skapvond, þröngsýn og sjálfsupptekin höfnun á göfgi Guðs barna með öllum þeim skuldbindingum sem hún hefur í för með sér“ (Pieper, 1992, bls. 119). *Acedia* er því andstæðan við dygd stórmennskunnar (e. magnanimity) sem er fólgin í grundvallarsátt manneskjunnar við sjálfa sig og þá göfgi sem fylgir því að vera, eins og Platon orðar það „göðumkær“ (Platon, 1999, 212 A), eða vera sköpuð, eins og segir í 1. Mósebók 1:27, „eftir Guðs mynd“ (Pieper, 2009, bls. 44).⁴ Svo virðist því sem forsendur þess að lifa næðisríku lífi kalli á tvennt í senn; að maður horfist hreinskilnislega í augu við margslungna breyskleika sína og takmarkanir annars vegar og djúpa sátt manns við sjálfan sig og tengsl sín við hið góða og göfuga hins vegar.

Aðrir heimspekingar setja getuleysið til að dvelja í góðu tómi fremur í samhengi við menningu okkar og tímana sem við lifum á. Þannig ræðir þýski 19. aldar heimspekingurinn Friedrich Nietzsche um andstuttan vinnuhraða nútímans í *Hinum kátu visindum*: „Menn eru farnir að skammast sín fyrir að gefa sér tóm, og íhugun sem tekur tíma veldur næstum samviskubiti. Menn hugsa með úr í hendi sér og hádegisverðinn snæða þeir með glyrnurnar á viðskiptablaðinu – menn lifa eins og þeir gætu stöðugt verið að „missa af einhverju““ (Nietzsche, 1988, bls. 556–557).⁵ Það sjónarmið hefur náð undirtökunum að hin eiginlega dygd sé „að gera eitthvað á skemmri tíma en einhver annar“.⁶ Afleiðingin af þessum hugsunarlausu flýti og þráhyggjukenndu áherslu á *skort* í samanburði við aðra er að dómi Nietzsches meðal annars kynlega andlaus og gleðisnaud tilvera margra nútímamanna, þrátt fyrir alla velmegun þeirra. Það er engu líkara en Nietzsche sjái í nútímamanninum hinn göðsögulega Sisýfos, sem að dómi Kalimtzis lýsir svo vel skilningi Forn-Grikkja á bölvun hins annríka og næðisnauda lífs (Kalimtzis, 2017, bls. 10–16). Goðsögnin segir frá Sisýfos sem er sífellt að roga við geysistöran stein, eins og segir í *Ódysseifskviðu*, til að koma honum upp á hól einn, en í

3 Talbot Brewer vekur máls á annarri áleitinni skýringu á tímaleysi nútímafólks, sem kenna mætti við tannhjól. Hún er sú að hin völduga þjóðfélagsgerð nútímans, sem gengur út á mikla og æ meiri framleiðslu, byggist á því að hægt sé að treysta á að hver þátttakandi hennar leggi sitt af mörkum til að greiða fyrir afköstum allra hinna og kerfisins í heild. Hver og einn er því metinn, og metur sjálfan sig, í ljósi eiginleika á borð við áreiðanleika, hagkvæmni, framleiðni, stundvísi og iðni (Brewer, 2009, bls. 66). Rík áhersla á slíka eiginleika gefur lítið rými fyrir líf í anda skole.

4 Þessi hugmynd um grundvallargöfgi manneskjunnar birtist ágætlega í skrifum Pascals sem, þrátt fyrir áhrifamikla lýsingu á manlegri vesæld, leggur ekki síður eftirminnilega áherslu á göfgi mannsins: „Maðurinn er reyrt, vanmáttugasti hlutur í náttúrunni, en hann er hugsandi reyrt ... myndi alheimurinn kremja hann væri hann samt göfugri en það sem dræpi hann því hann veit að hann deyr og um yfirburði alheimsins ... Öll reisn okkar er því fólgin í hugsun“ (Pascal, 1966, bls. 95).

5 Í þessu sambandi má einnig benda á athyglisverðar hugmyndir René Girard um eftirhermuedli mannglegra langana og hvernig manlegt eirðarleysi tengist því að langanir „smitast“ greiðlega á milli fólks (sjá Burgis, 2021; Girard, 1978).

6 Þýðingin er eftir Róbert Jack og fengin úr grein Róbert H. Haraldssonar „Endurreisn mikillætis og stórmennskan“, í Frjálsir andar: Ótímabærar hugleiðingar um sannleika, síðferði og trú (Róbert H. Haraldsson, 2004). Þessi grein Róberts og raunar bókin öll er gagnleg lesning fyrir öll þau sem öðlast vilja dýpri skilning á merkingu og mikilvægi umfjöllunarefnis þessarar greinar.

hvert sinn sem hann er við það að koma honum upp á brúnina þá veltur steinninn niður á jafnsléttu (Hómer, 2004, kafla XI, 586–631). Strit hans útheimtir mikla kænsku en hann erfiðar að eilífu í algeru tilgangssleysi og án alls skole. Hann hefur aldrei tómi til að staldra við og læra eitthvað nýtt eða sjá hlutina í nýju ljósi. Hann er svo upptekinn af því að ná settu marki, og telur sig svo slyngan að ná því, að hann mun aldrei ná að brjótast út úr eigin fávísku. Hann er eins og peningakassaspilari sem er rekinn áfram af æsandi tilhugsuninni um „þann stóra“ sem æ virðist innan seilingar.

Hvað varðar sérstaklega vaxandi áhrif tækninnar á líf okkar og getu okkar til að dvelja í næði þá er sú spurning æ meira rædd nú um stundir hvort við lífum í umhverfi sem sé beinlínis hannað til að trufla okkur; hvort svo sé komið að við lífum og hrærumst í menningu sem beinlínis nærast á athygli okkar, nánast eins og snikjudýr lifir á hýsli, og geri djúpa einbeitingu gríðarlega erfiða (Hari, 2022). Milljörðum dollara og starfskröftum aragrúa tæknimenntaðs fólks sé nú varið í að finna út hvernig hægt sé að fanga athygli fólks og fá það til að smella og horfa, og smella og horfa áfram og meira, á eitt fremur en annað, eða þá að kaupa eitthvað (Williams, 2018). Þetta sé að leiða til allsherjar „athygliskreppu“ sem lýsi sér í æ brotakenndara innra lífi fólks, vaxandi erfiðleikum manna við að setja sér stöðug lífsmarkmið og vinna að varanlegum verkefnum (Crawford, 2016). Í ljós umfjöllunarefnisins í þessari grein má segja að áhyggjuefnið hér sé meðal annars það að tæknipróun síðustu ára, með alls staðar nálæga snjallsíma og skjátækni í broddi fylkingar, grafi hraðar en áður undan viðkvæmri getu fólks til að hugsa og lifa í friði, frelsi og næði, í þeirri viðleitni að móta líf sitt samkvæmt dýpstu og varanlegustu gildum mannlífsins.

Hugleiðingin

Af ofansögðu má ráða að órói og friðleysi sé viðloðandi förunautur okkar mannfólksins. Hugur okkar er fylltur hávaða, eins og víetnamski munkurinn Thich Nhat Hanh segir, sem veldur því að við getum ekki heyrt hljóðlátt kall hjarta okkar, undur lífsins og fegurðarinnar sem umlykur okkur (Hanh, 2015). Sumir tala jafnvel um „nær óendanlega lyst manna á truflunum“, á því sem er nær algerlega óraunverulegt og innihaldslaust, sem risavaxinn fjölmiðlaiðnaður nútímans hafi gert átakanlega augljósa (Huxley, 2000, bls. 31). Aðrir benda að vísu á að órói eða „hávaði“ í huganum sé ekki alfarið neikvæður. Heili okkar sé „hávaðasamt orkusparandi líffæri“ og það sé eitt af því sem geri mannfólkið skapandi (Palmer, 2022). Í því sambandi kemur einnig upp í hugann orðasamband ættad úr smíðju Samuels Johnson, „hungur ímyndunarafllsins“, en með því er meðal annars átt við að það eru oft þeir sem eru ófullnægðastir og óánægðastir með hlutskipti sitt sem ná mestum árangri, að minnsta kosti eins og það orð er gjarnan skilið (Storr, 1988). Hugmyndin um *skole* byggist á hinn bóginn á að gott líf geti ekki þrífist í eintómum óróleika, forsenda þess er að næði, tómi eða kyrrð skipi veglegan sess í lífi okkar. Raunar er hugmyndin sú, eins og við höfum séð, að tómi, næði og kyrrð sé forsenda þess að við fáum þroskast til meiri farsældar og frelsis. Umfang óróans og eirðarleysisins í sálarlífi okkar, hvort sem ástæðan er meðfæddur líkamleiki okkar eða áralöng félagsmótun í samfélagi sem gegnsýrt er af nagandi friðleysi og tilfinningu fyrir skorti, þýðir á hinn bóginn að næðið eða tómið kemur ekki af sjálfu sér. Að öðlast það í ríkari mæli kallar á aga og ástundun af okkar hálfu, eins konar innri umpólun, þar sem vani og viðbrögð sem mótuð eru af langvarandi skorti á *skole* eru tekin til endurskoðunar. *Skole* kallar á að við temjum okkur annars konar lífsmáta, þar sem það að staldra við og gæta að jafnt smáum sem stórum undrum verður leiðarstef, þótt það geti oft reynst þrautin þyngri þegar ástriðurnar, áhyggjurnar og áreitið sækja sífellt að.

Til að skilja betur hvers konar lífsmáti tengist *skole* er gagnlegt að hnykkja betur á einu einkenni hugtaksins sem snert hefur verið á hér að framan. Við getum sagt að *skole* sé ofið úr tveimur þáttum; einum „neikvæðum“ og öðrum „jákvæðum“. Hinn neikvæði hluti hugtaksins birtist allvel í hvernig orðið er yfirleitt þýtt yfir á íslensku, sem næði, tómi, friður, kyrrð, þögn, og svo framvegis. Slíkar þýðingar draga fram að til þess að njóta *skole* þurfum við að vera *laus undan* eða fá *skjól fyrir* einhverju ytra eða innra áreiti, ólgu eða hávaða. Hinn jákvæði þáttur hugtaksins tengist á hinn bóginn eins og við höfum séð heimspekilegri yfirvegun og rannsókn, en jafnvel enn frekar, eins og ég mun víkja betur að á eftir, því sem jafnan er nefnt *hugleiðing* á íslensku. Í framhaldinu mun ég einkum beina athyglinni að tengslum næðis og hugleiðingar en áður er vert að nefna eitt atriði varðandi

Lífsmáta sem mótast af *skole* í hinum neikvæða skilningi, en það er skyldleiki gríska hugtaksins við hið biblíulega hugtak „*shabbat*“, það er hvíld eða hvíldardagur. Eins og Samuel Fleischacker bendir á er merking hvíldardagsins að hluta til neikvæð, það er hið gyðinglega „*shabbat*“, þýðir bókstaflega að „hætta“ eða „neita sér um“ (Fleischacker, 2017, bls. 118; McPherson, 2022). Með öðrum orðum þá er hvíldardagurinn í hugum gyðinga oft fremur tengdur við það sem má ekki gera, fremur en það sem má gera. Þannig á maður ekki að elda, skrifa eða nota peninga á hvíldardaginn, ekki nota farartæki, horfa á sjónvarp, og svo framvegis. Hvíldardeginum er með öðrum orðum ætlað að létta af okkur og fría okkur frá umhugsun um efnislegar þarfir, samkeppni við náungann um árangur, stöðu eða álit, og þar fram eftir götunum. Hugsunin hér er sú sama og fölgin er í skole. Að temja sér lífsmáta í anda *shabbat*, líkt og skole, er að mikilvægu leyti að *fasta*, það er *neita sér um* hluti sem hafa sitt gildi en við þurfum vísitandi og skipulega að setja mörk og fá frið fyrir til að skapa rúm fyrir aðra og mikilvægari hluti. Um leið á hvíldardagurinn að gefa okkur fjarlægð eða annað sjónarhorn á aðra daga vikunnar, sem oft eru helgaðir vinnu. Hann á að hjálpa okkur að meta merkingu hennar og njóta hennar betur, starfa af meiri íhygli, glaðværð og trú og með minna streði (Heschel, 2005).

Víkjum þá að hinum *jákvæða* þætti *skole*-hugtaksins, og lífsmáta sem mótast af því, og um leið skýringunni á hvers vegna þetta hugtak hefur skipað svo ríkan sess í hugsun margra heimspeklinga um aldir. Áður var þess getið að tómið eða næðið sem fölgir er í *skole* feli í sér vissa stefnu og virkni. Í góðu tómi og næði rannsaka frjálsar og uppréttar manneskjur grundvallarspurningar um mannlega tilveru. Þær verja lífi sínu í næði til að brjóta heilann, oft í góðum rökræðum við aðra, um spurningar eins og „hvað er rétt og rangt, og hversu réttlætið og ranglætið greinast hvort frá öðru og frá öllu öðru“ eins og segir í *Peatetusi* (Platon, 1989, 175 C). Allar þessar rannsóknir, heilabrot og rökræður snúast á hinn bóginn ekki aðeins um sjálfar sig, heldur miða þær að ákveðnu marki. Markmið þeirra er að þátttakendurnir „sjái sannleikann“ eins og Sókrates orðar það í tilvitnuninni í *Faídóni* hér að framan. Hér erum við komin að kjarna *skole*-hugtaksins. Þegar við dveljum í góðu tómi eða næði þá er það til þess að „sjá“, „skoða“ eða „virða fyrir okkur“ einhvern dýpri kjarna og þýðingu hlutanna; sannleika, fegurð, góðleika, og svo framvegis. Þetta er það sem fölgir er í þeirri virkni hugans sem nefnd er *hugleiðing* (e. contemplation) og Aristóteles segir að sé „verðmæt í sjálfri sér“, „veki mesta ánægju“, kallar „æðstu dyggð“ og „fullkomna farsæld“ (Aristóteles, 1995, 1177a og 1178b).

Til að átta sig betur á hvað hugleiðing er er gagnlegt að líta til umræðu Davids McPhersons og Josefs Pieper um hvíldardaginn og tómstundina og tengsl þeirra við *athygli*. Það sem hvíldardagurinn (e. the sabbath) felur í raun í sér, segir McPherson, er næði (e. leisure) frá þeirri vinnu sem miðar að því að fullnægja efnislegum þörfum okkar eða tryggja stöðu okkar í samfélaginu, svo við getum tekið þátt í iðju sem hefur gildi í sjálfu sér. Slík iðja, segir McPherson, felur alveg sérstaklega í sér hugleiðingu sem er að *veita því athygli sem hefur gildi í sjálfu sér og meta það að verðleikum* (e. appreciative attention to what is of intrinsic value) (McPherson, 2022, bls. 157, leturbreyting mín). Josef Pieper tekur í svipaðan streng þegar hann segir að heimspeki feli í sér grundvallartengsl við eða afstöðu til veruleikans sem „byggist á þögn, á *hugleiðandi athygli* á hlutunum, þar sem maður tekur að sjá hve verðir djúprar virðingar þeir eru í raun og veru“ (Pieper, 2009, bls. 16, leturbreyting mín). Kjarni skole, og meginástæðan fyrir því að tómstundin er okkur mannfólkinu nauðsynleg, er með öðrum orðum bæði geta okkar til og þörf okkar fyrir – ekki aðeins að nota hlutina eða neyta þeirra í eigin þágu – heldur að veita þeim þöglu, hugleiðandi athygli; athygli sem gefur innsýn í og skilning á eigin gildi þeirra og dýrmæti. Án slíkrar athygli kunnum við ekki að meta gildi hlutanna, og vitum þar af leiðandi ekki hvernig við eigum að haga okkur gagnvart náunganum og umhverfi okkar, eða hvort lífið sé yfir höfuð þess virði að lifa því.

Skole sem veruleikasýn

Ef marka má þessa útleggingu á merkingu skole-hugtaksins þá er hér á ferðinni hugtak sem er þrungið af bæði *lífs-* og *veruleikajátni* afstöðu, ef svo má að orði komast. Við höfum séð að ein leið til að orða þá hugsun er að segja að þegar maður nýtur *skole* þá rækti maður tengslin við það besta í mannlegu lífi, við gildi á borð við hið sanna, fagra og góða – það er við það sem gefur lífi okkar gildi og gerir það þess virði að lifa því. Pieper gengur þó skrefinu lengra og segir að *skole* feli í raun í sér anda eða

afstöðu *hátíðar*, *veislu* eða *fagnaðar* (e. festival; celebration). Að efna til fagnaðar eða veislu merkir að „játa að alheimurinn er fullur af mikilvægi og þýðingu“, segir hann, og það er einmitt „hin innri og alls staðar nálæga merking orðsins tómstund“ (e. leisure) (Pieper, 2009, bls. 49). Þegar við höldum hátíð og fögnum, í sönnum hátíðaranda, þá þökkum við í auðmýkt og lotningu fyrir óverðskuldað undur tilvistarinnar. Þetta þýðir ekki að við lokum augum fyrir hinu ófullkomna eða slæma í lífinu, heldur aðeins að við sjáum slíka þætti sem hluta af stærri og þýðingarmeiri heild. Að dómi Piepers er sama rökvisi fólgin í tómstundinni. Hvernig svo sem lífsaðstæðum okkar er háttað þá er hún sú stund og innstilling þegar við gleðjumst yfir að vera til, fögnum og þökkum fyrir gjöf lífsins, metum, mætum og njótum samvista við förunauta okkar í heimi manna, náttúru og hins andlega, án þess að hafa áhyggjur af brauðstriti, samkeppni eða stöðu okkar í samfélaginu. Frá þessum sjónarhóli er bæði hátíðin og fögnuðurinn annars vegar og tómstundin hins vegar ómissandi þáttur í því að *fullkomna* líf okkar. Með „fullkomnun“ í þessu samhengi er ekki átt við að við eigum að reyna að vera eða þykjast vera fullkomin heldur hitt að það er ómissandi hluti af góðu lífi – það er af lífsfyllingu okkar – að kunna að meta gildi hlutanna, kunna að njóta þess að þeir eru og að við fáum tækifæri til að dvelja í magnaðri nærveru þeirra. Hér er gagnlegt að vísa í sköpunarsögu *Biblunmar*. Líkt og Guð hafði ekki lokið sköpun sinni, samkvæmt 1. Mósebók, fyrr en eftir að hafa *virt hana fyrir sér og séð* „að það var gott“ er líf okkar ófullkomið svo lengi sem okkur gefst ekki tóm til að rækta með okkur viðeigandi mætur á veröldinni, á fegurð og dýrmæti tilvistarinnar, þar með talið á okkar eigin tilvist, verkum og árangri (McPherson, 2022). Eirðarlaus sókn eftir árangri gefur til dæmis litla lífsfyllingu ef aldrei er staldrað við til að meta og njóta þess árangurs sem náðst hefur. Verkið er þá ætíð eins og hálfklárað eða andvana fætt.

Hér erum við loks komin að því atriði sem ef til vill stendur mest í vegi fyrir því að margt nútímafólk geti viðurkennt *skole* sem mikilvægt og jafnvel lífsnauðsynlegt gildi – það er fyrir utan hið háa flækju- og hraðastig nútímalífs. Að játa að alheimurinn sé fullur af mikilvægi og þýðingu stangast á við útbreitt lífsviðhorf nú á dögum. Margir líta svo á, hvort sem þeir orða þá hugsun fyrir sér eða ekki, að heimurinn hafi ekkert gildi og enga þýðingu sem slíkur. Hann bara er. Írski heimspekingurinn William Desmond talar í þessu sambandi um að margir líti svo á að veruleikinn sé „gildislaust þarna“ (e. valueless thereness) sem við mannfólkið eignum eða þröngvum gildum upp á í samræmi við okkar eigið val og hentugleika (Desmond, 2001, bls. 168). Með öðrum orðum þá sé litið svo á að hlutirnir hafi ekkert eigið gildi, heldur ákvarðist gildi þeirra og merking af vilja okkar og vali. Þessi hugmynd um að allt gildi byggist á mannlegum vilja og vali stangast á hinn bóginn í grundvallaratriðum á við þá hugleiðandi afstöðu til veruleikans sem við höfum séð að er órjúfanlega tengd skole. Að njóta næðis í þeim skilningi snýst fremur um að viðurkenna og meta það sjálfstæða gildi sem hlutir hafa *hvað sem líður vilja okkar og vali*. Það felur í sér að stilla sig inn á að *nema og njóta* þýðingar og mikilvægis hlutanna fremur en að skapa það sjálfur með ákvörðunum sínum, eins og einhver guð. Ef hefja ætti *skole* til vegs og virðingar á ný þyrftum við því að endurskoða það útbreidda en oft óorðaða viðhorf í nútímanum að við mennirnir sköpum allt gildi og alla merkingu með vali okkar og vilja. Um leið þyrftum við að rækta í meiri mæli en við höfum gert til skamms tíma þá afstöðu til veraldarinnar sem tengist hugtökum á borð við undrun, auðmýkt, virðingu og lotningu. Þetta eru allt eiginleikar eða dygðir sem hafa að gera með getu okkar til að veita hlutunum vakandi og hugleiðandi athygli, líta ekki aðeins á þá sem eitthvert hlutlaust og gildislaust fyrirbæri, heldur sjá einskæra veru þeirra og eðli sem eitthvað einstakt, áhrifamikið og dýrmætt.

Skole og skóli

Hvaða ljósi, ef einhverju, varpar umfjöllun mín í þessari grein um *skole* á eðli og tilgang skóla? Hefur *skole* eitthvað með skóla í nútímamerkingu þess orðs að gera? Ekki er rúm til að svara slíkum spurningum með fullnægjandi hætti að þessu sinni. Hér verður að nægja að víkja stuttlega að tvennu. Fyrri atriðið er að eitt af því sem skólum nútímans er uppálagt að kenna nemendum er gagnrýnin hugsun og ígrundun, sem allir grunnþættir menntunar eru sagðir eiga rætur í (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013). Gagnrýnin hugsun virðist á hinn bóginn orðin tóm nema nemendur hafi og geti tamið sér *næði til að hugsa*. Án tóms til að hugsa verðum við einfaldlega

hugsunarlaus og það getur haft ýmsar afleiðingar. Í þessu sambandi má geta þess að Hannah Arendt, sem meðal annars er kunn fyrir umræðu sína um „hversdagsleika hins illa“ (e. the banality of evil), veltir því fyrir sér í *The Life of the Mind* hvort ýmis myrkraverk mannskepnunnar, ekki síst voðaverk nasista, megi skýra í ljósi getuleysis til að „stansa og hugsa“ (e. to stop and think) (Arendt, 1978, bls. 4–5). Eftir að hafa fylgst með réttarhöldunum yfir Adolf Eichmann, einum aðalskipuleggjanda helfararinnar, leitaði sú hugsun á hana hvort uppspretta illra gjörða sé endilega illt innræti, hvort hún sé ekki fremur hversdagslegt tímaleysi og áhugaleysi á að stansa, það er gefa sér tóm til að hugsa um aðstæður sínar og hvað maður er að gera. Hve mikið mark sem er takandi á iðrunarorðum forsprakka helfararinnar eftir að henni lauk þá töluðu sumir þeirra á nótum sem virðast staðfesta þessa hugsun Arendt. Þannig skrifaði Rudolf Höss, liðsforinginn sem stjórnaði fangabúðunum í Auschwitz í kveðjubréfi til sonar síns skömmu áður en hann var hengdur í apríl 1947: „Lærðu að hugsa og dæma fyrir sjálfan þig, af ábyrgð. Ekki samþykkja allt án gagnrýni sem skilyrðislausan sannleika ... Mestu mistök lífs míns voru að ég trúði öllu einlæglega sem kom að ofan, og ég dirfðist ekki að hafa minnstu efasemdir um sannleiksgildi þess sem var borið á borð fyrir mig“ (Rudolf Höss, 2023). Hve ótrúlegt sem það kann að hljóma má ætla af þessum orðum að Höss hafi aldrei gefið sér tóm til að stansa og hugsa um þann hrylling sem hann hafði yfirumsjón með í Auschwitz. Skortur á skole og tilheyrandi hugsunarleysi getur samkvæmt því sannarlega haft skelfilegar afleiðingar. Skólar sem vilja „kenna gagnrýna hugsun“ hljóta því að gefa alvarlegan gaum að hvernig hægt er að veita nemendum næði og hvernig þroska má með þeim þá innri kyrrð, yfirvegun og hugleiðandi athygli á veröldinni sem því fylgir.

Síðara atriðið varðandi tengsl skole og skóla varðar tengsl menntunar og frelsis. Segja má að skole-hugtakinu fylgi eðlilega viss menntahugsjón eða menntastefna sem kennd hefur verið við „frelсандi menntun“ (e. liberal education). Það er menntahugsjón sem D. C. Schindler lýsir meðal annars sem hugsjón um „menntun sem frelsar einmitt með því að dýpka og móta ást persónunnar á veruleikanum í góðleika hans, sannleika og fegurð með því að kynnast hefð“ (Schindler, 2017, bls. 258). Tengsl þessarar menntahugsjónar við umræðu okkar um skole og hugleiðingu eru augljós, sérstaklega í ljósi þess sem sagt var um samband frelsis, ástar og þroska hér að framan. Í þessu sambandi er líka vert að hafa í huga þau orð Piepers að „án ástar þá væri engin hugleiðing“ (Pieper, 1998, bls. 72) og að hugleiðing feli í sér að „snúa sér að einhverju í ást og viðurkenningu“ (Pieper, 1989, bls. 144). Þetta er með öðrum orðum sá skilningur að kjarni sannrar, frelsandi menntunar sé næði, rannsókn og hugleiðing í þeirri merkingu sem rædd hefur verið í þessari grein.

Nú má spyrja: Á slíkur skilningur á menntun einhvern samastað og eitthvert erindi við þá skóla og það skólakerfi sem uppi er nú á dögum, eða hafa önnur gildi í menningunni, til dæmis tengd framleiðni og tækni, að miklu leyti gert að verkum að skole telst léttvægur ef ekki beinlínis óviðkomandi þáttur í nútímaskólastarfi? Segja má að Atli Harðarson takist á við spurningu af þessu tagi í lok rits síns um heimspeki menntunar og skólakerfi nútímans (Atli Harðarson, 2019). Þar gerir hann að umræðuefni upprunalegan skilning orðsins skóli sem tíma „til að hugsa og rökræða, hlæja og leika sér“ og segir að eitt af mikilvægustu hlutverkum skóla sé „að vera staður þar sem er slaki á tímanum og hægt að gefa sig að ýmsu sem er í eðli sínu seinlegt og gengur fólki úr greipum ef það reynir að flýta sér“ (Atli Harðarson, 2019, bls. 75). Hann bendir á hinn bóginn á að skólar nútímans einkennist af tímapressu og kröfum um afköst og árangur „sem vinna gegn því að skólar geti verið sá gridastaður þess seinlega sem við þurfum því meir á að halda því meiri sem hraðinn og æðibunugangurinn er allt í kringum okkur“ (Atli Harðarson, 2019, bls. 75). Atli telur með öðrum orðum að skólar ættu að vera trúrri upprunalegri merkingu orðsins skóli; leggja ríkari áherslu á að vera nemendum skjól fyrir óhóflegum þrýstingi, áreiti og asa, og veita þeim tóm til að leggja rækt við þá eiginleika mennskunnar sem alla ævina getur tekið að þroska. Í raun einkennist þeir þó oft af hinu gagnstæða. Hugur og breyttni þeirra sem móta menntastefnu og skólastarf, ekki síður en margra annarra, eru þá ef til vill lituð í ríkum mæli af skortshugarfarinu sem áður var vikið að, til dæmis af áhyggjum af að íslenskt samfélag sé að dragast aftur úr í samkeppni við aðrar þjóðir. Hér þarf skólafólk, með heilbrigða skynsemi að leiðarljósi, að spyrna við fótum og standa vörð um rætur köllunar sinnar í hugsjóninni um skole; með því að sýna endurnýjaða og staðfasta trú á gildi menntunar sem grundvallast „á varanlegum hagsmunum mannsins á þroskabraut hans“, eins og John Stuart Mill orðar það í *Frelsinu* (Mill, 2009,

bls. 47). Það þarf að andæfa alls staðar nálægum flýtinum og hugsunarleysinu með vel ígrundaðri uppeldisfræði og kennsluháttum, sem byggjast á viðurkenningu á brýnni þörf manneskjunnar fyrir næði, yfirvegum og hugleiðingu á undrum og dýrindum tilverunnar (Jón Ásgeir Kalmannsson, 2016). Ýmsir hafa lagt sitt af mörkum til að móta slíka uppeldisfræði og kennsluhætti (sjá til dæmis Honoré, 2005; Kessler, 2000) en betur má ef duga skal ef vega á upp á móti öflugum straumum tíðarandans.

Niðurlag

Í upphafi þessarar greinar var vitnað til þeirra orða Aristótelesar að „farsæld virðist velta á tóminu sem okkur gefst, því við störfum svo við megum njóta *tómstunda*“ (1995, 1177b). Sú setning sýnir í raun býsna vel hve þýðingarmiklu hlutverki *skole* hefur gegnt í hugsun sumra mestu hugsuða sögunnar um eðli mannlegrar farsældar og tilgang lífsins. Hætt er á hinn bóginn við að nútímalesendur skilji hvorki upp né niður í slíkri setningu: Hvernig veltur farsæld okkar á *tóminu*? Á hvaða tómi? Störfum við til að *njóta tómstunda*? Störfum við ekki frekar til að afla peninga svo við getum séð okkur farborða eða til að nýta menntun okkar eða til að láta gott af okkur leiða? Og svo framvegis. Greinin hefur verið tilraun til að varpa ljósi á merkingu orðsins sem íslenskað er sem tóm og tómstund – forn-gríska orðið *skole* sem íslenska orðið skóli er leitt af – og á hvers vegna heimspekingar hafa tengt það svo náíð við það æðsta og besta í mannlegu lífi. Við höfum séð hvernig *skole* tengist næðinu eða skjólinu sem við höfum til að vaxa og þroskast sem frjálsar og uppréttar hugsandi manneskjur. Við höfum kannað tengsl þess við tóm eða nægan tíma en einnig tengslin við frjálsar rannsóknir og rökræður í leit að hinu sanna, fagra og góða. Einnig hefur andstæðan við skole, það er *askolia* eða „ekkert tóm“, verið skoðuð, rætt hvernig eirðarleysi, ókyrrð, truflun og tryllingur setja mark sitt á mannlífið og hvaða áhrif það hefur á viðleitni okkar til að lifa og hugsa í góðu tómi. Þá hafa tengsl næðis og hugleiðingar verið skoðuð sérstaklega og lögð áhersla á að sýna hvernig skilja má bæði næði og hugleiðingu í ljósi þeirrar grundvallarafstöðu til hlutanna að tilvist þeirra og eðli hafi gildi og sé dýrmæti í sjálfu sér. Segja má að með því að leggja *skole* nánast að jöfnu við farsæld okkar, það er endanlegan tilgang lífs okkar, birtist sýn á okkur manneskjurnar sem göfugar verur sem geta í krafti skynjunar sinnar og hugsunar „fullkomnað“ líf sitt með því að veita hlutunum, í góðu tómi, ástríka og íhugandi athygli. Loks hefur stuttlega verið vikið að tengslum skole-hugtaksins og skóla, það er þeirra menntastofnana sem við þekkjum nú á dögum. Hafi lesandinn náð að fylgja eftir röksemdafærslu greinarinnar frá upphafi til enda má segja að hlutaðeigandi hafi sýnt umtalsverða getu til að dvelja í næði. Geri lesandinn á hinn bóginn það að vanda sínum að yfirvega og hugleiða ýmis undur veraldarinnar má segja að viðkomandi sé komin snöggtum lengra í að móta líf sitt í sönnum anda skole.

Leisure and appreciative attention. On the origin of the word school.

In this article, I examine the concept of *scholê* from which the word school is derived but is usually translated as leisure. I begin by exploring the deep significance of this concept in ancient Greek philosophy, particularly in the thought of Plato and Aristotle. According to Aristotle, happiness depends on leisure, and we are busy that we may have leisure. In Plato's *Theaetetus*, *scholê* or leisure, is almost synonymous with freedom and *ascholia* or lack of leisure is closely tied to servitude and hampered growth. The philosophers, who have leisure, own their time and talk in peace and quiet, days on end, if necessary, in pursuit of the truth. On the other hand, those who lack leisure are always in a hurry and speak with one eye on the clock. The multiple stresses and demands of practical life from young age make them afraid and prone to flattery and playing fast and loose with the truth, which prevents them from making a free and straight growth. The importance of leisure in Plato's thought is therefore linked to his vision of human nature and growth, which depends on “an examined life”, a life that is leisurely enough to make “discussion on virtue”, i.e. on what is most real and most important in life its main impetus and focus. In this connection, I also discuss the close relationship in Plato's thought between leisure and freedom. Plato's conception of freedom is closely related

to his conception of human growth and development, and I make some etymological observations which can cast light on that connection. Next, I examine how, according to Plato, Pascal and other philosophers, *ascholia* or lack of leisure, manifests in human life, how it affects it, and how it is connected to “nature and nurture”. In the *Phaedo*, the body is identified as the cause of confusion, nonsense, fear, desires and all sorts of illusions. Thus, all manners of distractions which prevent us from seeing the truth are ingrained in the human condition, according to Plato. I compare and contrast this “bodily” approach to the condition of *ascholia* with other approaches, such as Pascal’s thoughts on diversions and distractions in his *Pensées*. Famously, Pascal asserts that humanity’s unhappiness arises because people cannot stay quietly in their own chamber. Even though many proclaim their desire for calm and quiet, most men cannot bear it because they would be forced to confront their own wretchedness, frailty, and mortality. For most human beings, diversions are, therefore, a means of escape from the deprivation of the human condition. However, diversions and distractions can have another and opposite source. According to a long tradition of thought on the sin of *acedia*, people easily become restless, not because they cannot bear the wretchedness of their life but because they can’t bear the thought of the nobleness of their own nature and the heavy burden of responsibility that implies. I end my discussion on diversion in human life by commenting on an increasing literature on the “attention economy” and the systematic, lucrative and highly technologically advanced means used today to capture and keep people’s attention.

I turn next to the discussion of leisure with what Plato, Aristotle and other philosophers have regarded as the pinnacle of human happiness, i.e. contemplation. I make use of Josef Pieper’s and David McPherson’s discussion on leisure and the Sabbath. Both authors conceive of contemplation as contemplative or appreciative attention to what has intrinsic worth. Therefore, leisure and the Sabbath involve a contemplative attitude, i.e., an appreciative and affirming stance toward the world, a celebration of life and the fact of existence. I end the article by discussing briefly what implications, if any, my discussion on *scholé* has for ideas about the nature and aims of schools in the modern world. On the one hand, I point out that critical thinking depends on our ability to „*stop* and think“ – a phrase I borrow from Hannah Arendt and understand directly related to Plato’s thought on the link between leisure and the examined life. Therefore, classical conceptions of leisure should be of great concern for schools aiming to teach students critical thinking. On the other hand, I end my discussion on the implications of *scholé* for education in modernity by posing and commenting on the question of whether modern schools are at all equipped to be the sanctuary for leisure, freedom, and appreciative attention to which this ancient word points.

Keywords: *Scholê*, leisure, freedom, distraction, contemplation, school

Um höfund

Jón Ásgeir Kalmansson (jonkalma@hi.is) er aðjúnkt við Deild menntunar og margbreytileika á Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Hann lauk B.A.-prófi í heimspeki frá Háskóla Íslands árið 1992, M.A.-prófi frá Háskólanum í Bresku-Kólumbíu árið 1994 og doktorsprófi í heimspeki frá Háskóla Íslands árið 2015. Rannsóknir hans hafa beinst að heimspeki og siðfræði, meðal annars heimspeki menntunar og siðfræði náttúrunnar.

About the author

Jón Ásgeir Kalmansson (jonkalma@hi.is) is an adjunct at the School of Education, University of Iceland. He completed a B.A. in philosophy from the University of Iceland in 1992, an M.A. in philosophy from the University of British Columbia in 1994 and a Ph.D. in philosophy from the University of Iceland in 2015. His major research interests are in the areas of philosophy and ethics, for example, philosophy of education and ethics of nature.

Heimildir

- Arendt, H. (1978). *The life of the mind*. Harcourt.
- Aristóteles. (1995). *Siðfræði Nikomakkosar* (Svavar Hrafn Svavaron þýddi). Hið íslenska bókmenntafélag.
- Atli Harðarson. (2019). Tvímælis: Heimspeki menntunar og skólakerfi nútímans. *Sérri Netlu 2019*. https://netla.hi.is/serrit/2019/tvimaelis_heimspeki/01.pdf
- Ásgeir Blöndal Magnússon. (1989). *Íslensk orðsifjabók*. Orðabók Háskólans.
- Brewer, T. (2009). *The retrieval of ethics*. Oxford University Press.
- Burgis, L. (2021). *Wanting*. St. Martin's Press.
- Burnyeat, M. (1990). *The Theaetetus of Plato* (M. J. Levett og M. Burnyeat þýddu). Hackett.
- Crawford, M. (2016). *The world beyond your head: On becoming an individual in an age of distraction*. Farrar, Straus and Giroux.
- Desmond, W. (2001). *Ethics and the between*. State University of New York Press.
- Fleischacker, S. (2017). The jewish sabbath as a spiritual practice. Í David McPherson (ritstjóri), *Spirituality and the good life* (bls. 117–135). Cambridge University Press.
- Girard, R. (1978). *Things hidden since the foundation of the world* (S. Bann og M. Metteer þýddu). Stanford University Press.
- Hanh, T. N. (2015). *Silence: The power of quiet in a world full of noise*. HarperOne.
- Hari, J. (2022). *Stolen focus: Why you can't pay attention*. Bloomsbury.
- Heschel, A. J. (2005). *The sabbath*. Farrar, Straus and Giroux.
- Honoré, C. (2005). Children: Raising an unhurried child. Í *In praise of slowness: Challenging the cult of speed* (bls. 246–272). HarperCollins.
- Hómer. (2004). *Ódysseifskviða* (Sveinbjörn Egilsson þýddi). Bjartur.
- Huxley, A. (2000). *Brave new world revisited*. Rosetta Books.
- Jón Ásgeir Kalmansson. (2016). Upphaf og ástríða heimspekinnar: Um mikilvægi undrunar í hugsun og siðferðisskilningi. *Sérri Netlu 2016 – Menntun, mannvit og margbreytileiki*. https://netla.hi.is/serrit/2016/menntun_mannvit_og_margbreytileiki_greinar_fra_menntakviku/005.pdf
- Kalimtzis, K. (2017). *An inquiry into the philosophical concept of scholê: Leisure as a political end*. Bloomsbury.
- Kessler, R. (2000). *The soul of education: Helping students find connection, compassion and character at school*. Association for Supervision and Curriculum Development.
- Kreeft, P. (1993). *Christianity for modern pagans*. Ignatius Press.
- McPherson, D. (2022). *The virtues of limits*. Oxford University Press.

- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2013). *Aðalnámskrá grunnskóla 2011: Almennur hluti. Greinasvið 2013*.
- Mill, J. S. (2009). *Frelsið* (Jón Hnefill Aðalsteinsson og Þorsteinn Gylfason þýddu). Hið íslenska bókmenntafélag.
- Nault, J. C. (2015). *The noonday devil: Acedia, the unnamed evil of our times* (M. J. Miller þýddi). Ignatius Press.
- Nietzsche, F. (1988). *Samtliche werke. Band 3*. (G. Colli og M. Montinari, ritstjórar). Walter de Gruyter.
- Onians, R. B. (2000). *The origins of European thought*. Cambridge University Press.
- Palmer, T. (2022). *The primacy of doubt*. Basic Books.
- Pascal, B. (1966). *Pensées* (A. J. Krailsheimer þýddi). Penguin Books.
- Pieper, J. (1989). *An anthology* (J. van Heurck þýddi). Ignatius Press.
- Pieper, J. (1992). *Faith, hope, love* (R. og C. Winston þýddu). Ignatius Press.
- Pieper, J. (1998). *Happiness and contemplation* (R. og C. Winston þýddu). St. Augustine Press.
- Pieper, J. (2009). *Leisure: The basis of culture* (A. Dru þýddi). Ignatius Press.
- Platon. (1983). *Síðustu dagar Sókratesar* (Sigurður Nordal þýddi). Hið íslenska bókmenntafélag.
- Platon. (1989). *Þættetus* (Arnór Hannibalsson þýddi).
- Platon. (1991). *Ríkið* (Eyjólfur Kjalar Emilsson þýddi). Hið íslenska bókmenntafélag.
- Platon. (1999). *Samdrykkjan* (Eyjólfur Kjalar Emilsson þýddi). Hið íslenska bókmenntafélag.
- Róbert H. Haraldsson. (2004). *Frjálsir andar: Ótímaberar hugleiðingar um sannleika, síðferði og trú*. Háskólaútgáfan.
- Rudolf Höss. (2023, 13. nóvember). *Wikipedia*. https://en.wikipedia.org/wiki/Rudolf_H%C3%B6ss
- Schindler, D. C. (2017). *Freedom from reality*. University of Notre Dame Press.
- Storr, A. (1988). *Solitude: A return to the self*. Ballantine Books.
- Thoreau, H. D. (2017). *Walden* (Elísabet Gunnarsdóttir og Hildur Hákonardóttir þýddu). Dimma.
- Williams, J. (2018). *Stand out of our light: Freedom and resistance in the attention economy*. Cambridge University Press.



Jón Ásgeir Kalmannsson (2023).

Í góðu tómi: Um rætur orðsins skóli

Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun. Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2023/alm/14.pdf>

DOI: <https://doi.org/10.24270/netla.2023/14>